

Miðvikudaginn 8. júní 1983

Nr. 52/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Antoni Ófeigi Antonssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Skjalafals. Tékkar. Fjársvik. Fyrning sakaratriðis. Eigi dæmt um skaðabótakröfur. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 27. maí 1982. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að staðfest verði sakarmat héraðsdóms, þar á meðal sýknuákvæði um I. þátt ákæru, en jafnframt gerð krafa um þyngingu refsingar. Ágrip málsgagna bars Hæstarétti 11. f. m.

Ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal nýtt saka-vottorð ákærða, en samkvæmt því hefur hann verið dæmdur í saka-dómi Akureyrar hinn 1. mars sl. í 3 mánaða fangelsi (hegningar-auka) fyrir innbrotspjófnað, framinn 19. september 1981, og fjársvikabrot, farmið 2. desember 1981.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um, að sýkna beri ákærða af I. þætti ákæru, þar sem sök hafi fyrnst, en sakfella hann að öðru leyti fyrir þau brot, sem honum eru gefin að sök og eru rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 255. gr., sbr. 71. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi eins og í héraðsdómi. Þar sem ákærði hafði áður einungis sætt sekt fyrir smávægilegt svikabrot, en ekki refsingum fyrir hegningarlaga-brot að öðru leyti, og hann hefur ekki, svo vitað sé, gerst sekur um slík brot eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms, þykir rétt að ákveða, að fullnustu 5 mánaða af refsingunni skuli frestað skilorðsbundið til 3 ára.

Skaðabótakröfur þær, sem dæmdar voru í héraði, verða ekki teknar til meðferðar í Hæstarétti, þar sem verjandi ákærða og ríkis-saksóknari hafa lýst yfir því við flutning málsins, að þeir æski þess ekki, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 6.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Anton Ófeigur Antonsson, sæti fangelsi 7 mánuði, en fresta skal fullnustu 5 mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunakotnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

#### Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Af hálfu ákæruvalds eru dómkröfur þær, „að héraðsdómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing verði þyngd.“ Samkvæmt þessu tel ég, að ákvæði héraðsdóms um skaðabætur hafi verið borin undir Hæstarétt eins og önnur ákvæði hins áfrýjaða dóms. Breytir engu í því efni, þó að verjandi ákærða hafi ekki krafist lækkunar skaðabótanna. En þar sem meiri hluti Hæstaréttar dæmir, að skaðabótaákvæði héraðsdóms séu ekki til endurskoðunar í Hæstarétti, eru ekki efni til, að ég fjalli um þau að öðru leyti.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

### Dómur sakadóms Akureyrar 1. mars 1982.

Mál þetta, sem höfðað er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. nóvember 1981, var tekið til dóms fyrr í dag. Málið er höfðað „á hendur Antoni Ófeigi Antonssyni húsasmið, Hafnarstræti 79, Akureyri, fæddum þar í bæ 21. desember 1944, fyrir eftirtalin brot:

#### I.

Falsað nafn hálfbróður síns, Bjarka Skjaldarsonar, Tálknafirði, sem útgefanda og framseljanda á víxil að fjárhæð kr. 43.000.-. Vixillinn hefur útgáfudag 20. febrúar 1976, gjalddaga 10. mars 1976 og greiðslustað í Samvinnubanka Íslands hf., útibúinu á Patreksfirði, og var seldur í þeim banka.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### II.

Gefið út í janúar 1981 og notað í viðskiptum í Reykjavík eftirtalda 6 tékka á reikning sinn nr. 580 í Sparisjóðnum Pundið, Hátúni 4a, Reykjavík, án þess að innstæða væri fyrir hendi á reikningnum og svikið þannig út fé. Tékkarnir eru allir gefnir út til handhafa:

1. Nr. 76906, kr. 550.-. Útgáfudagur 16. janúar. Greiddar með tékkanum vörur í versluninni Herraríki, Snorrabraut 56.
2. Nr. 76907, kr. 500.-. Útgáfudagur sami. Greiðsla til leigubifreiðarstjóra.
3. Nr. 76908, kr. 356.-. Útgáfudagur sami. Greiddur dvalarkostnaður í gistiheimilinu, Brautarholti 22.
4. Nr. 76921, kr. 350.-. Útgáfudagur 19. janúar. Greitt bensín á afgreiðslustöð Olís.
5. Nr. 76922, kr. 300.-. Útgáfudagur sami. Greitt bensín á afgreiðslustað Shell.
6. Nr. 76924, kr. 700.-. Útgáfudagur sami. Tékkinn seldur, en óvíst hverjum.

Teljast verknaðir þessir varða við 248. gr. sömu laga.

#### III.

Falsað nafn Ernu Þorleifsdóttur og reikingsnúmerið 3939 á tvo tékka á eyðublöð frá Landsbanka Íslands, útibúinu í Grindavík, og notað tékkana í viðskiptum í Reykjavík. Tékkarnir eru báðir til handhafa:

1. Nr. 236424, kr. 500.-. Útgáfudagur 28. mars 1981. Ákærði seldi tékkann eða notaði til greiðslu, en óvist hverjum eða hvar.
2. Nr. 236425, kr. 500.-. Útgáfudagur 29. mars 1981. Greiddar veitingar á Hótel Borg.

Teljast verknaði þessir varða við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

#### IV.

Gefið út heimildarlaust í maí 1981 alls 9 tækka á eyðublöð frá Alþýðubankanum, Laugavegi 31, Reykjavík, á tilbúna reikninga og notað tékkana í viðskiptum þar og þannig svikið út fé. Tékkarnir eru allir til handhafa, og er á þeim reikningsnúmerið 580, nema annars sé getið:

1. Nr. 960040, kr. 150.-. Útgáfudagur 17. maí. Greiddar með tékkanum vörur í tóbaksversluninni Florida, Hverfisgötu 74. Reikningsnúmerið 585.
2. Nr. 960041, kr. 200.-. Útgáfudagur sami. Greiddar veitingar á Hótel Borg.
3. Nr. 960042, kr. 200.-. Útgáfudagur 18. maí. Greiddar vörur í söluturni að Hagamel 67.
4. Nr. 960043, kr. 270.-. Útgáfudagur 19. maí. Greiddar vörur í versluninni Facó, Laugavegi 37.
5. Nr. 960044, kr. 100.-. Útgáfudagur sami. Tékkinn seldur á afgreiðslustöð Olíufélagsins hf.
6. Nr. 960045, kr. 60.-. Útgáfudagur sami. Greiðsla innt af hendi í smurbrauðstofunni Björninn, Njálsgötu 49.
7. Nr. 960046, kr. 100.-. Útgáfudagur sami. Greiddar vörur í söluturni að Laufásvegi 2.
8. Nr. 960047, kr. 100.-. Útgáfudagur 21. maí. Reikningsnúmer 5801. Greiddar vörur í versluninni Vestrið, Garðastræti 2.
9. Nr. 960048, kr. 100.-. Útgáfudagur sami. Reikningsnúmer 1582. Greiddar vörur í Ingólfs Apóteki, Hafnarstræti 5.

Teljast verknaðir þessir varða við 248. gr. sömu laga.

#### V.

Gefið út heimildarlaust á Akureyri í júní 1981 alls 8 tækka á eyðublöð frá Landsbanka Íslands, útibúinu á staðnum, á tilbúinn reikning nr. 2816 og notað tékkana í viðskiptum þar í bæ og þannig svikið út fé. Tékkarnir eru allir til handhafa:

1. Nr. 1224826, kr. 300.-. Útgáfudagur 17. júní. Greiddar vörur í verzlun KEA, Hafnarstræti 20.
2. Nr. 1224827, kr. 200.-. Útgáfudagur 18. júní. Greiddar vörur í Veganesti við Hörgárbraut.
3. Nr. 1224828, kr. 400.-. Útgáfudagur sami. Greiddar vörur í verzlun J.M.J. við Gránufélagsgötu.
4. Nr. 1224829, kr. 100.-. Útgáfudagur 20. júní. Greiddar vörur í Ferðanesti við Eyjafjarðarbraut.
5. Nr. 1224831, kr. 300.-. Útgáfudagur sami. Greiddar vörur í verzlun Gunnars Skjöldal á Akureyri.
6. Nr. 1224832, kr. 300.-. Útgáfudagur sami. Greiddar veitingar í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri.
7. Nr. 1224834, kr. 200.-. Útgáfudagur 21. júní. Greiddar vörur í verzlun KEA, Höfðahlíð 9.
8. Nr. 1224834, kr. 100.-. Útgáfudagur sami. Greiddar vörur í Nætursölunni við Geislagötu.

Teljast verknaðir þessir varða við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. desember 1944 á Akureyri, og telst sakhæfur, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1962 21/12 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага og 3. og 7 gr. lögreglusamþykktar.
- 1963 26/1 á Akureyri: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga og 47. gr. lögreglusamþykktar.
- 1967 13/6 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 16. gr. umferðarlaga.
- 1968 20/1 í Kópavogi. Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 5 mánuði frá 20/1 1968.
- 1978 16/5 í Kópavogi: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага. Sviptur öluleyfi í 1 ár frá 16/5 1978.
- 1980 21/5 á Akureyri: Sátt, 75.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. og 73. gr. laga nr. 94/1933.
- 1980 6/6 á Akureyri: Dómur: 300.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislag. Sviptur öluleyfi ævilangt frá s. d.

1981 21/8 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr., 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

Málavextir.

*Liður I í ákæruskjali.*

Hinn 23. ágúst 1976 sendi Samvinnubanki Íslands, útibúið á Patreksfirði, kæru til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu á Patreksfirði. Kæra þessi var svohljóðandi:

„Hjálagt sendi ég yður, herra sýslumaður, víxil að upphæð kr. 43.000.00, samþykktan til greiðslu 10. mars 1976 af Antoni Antonssyni, Tálknafirði. Víxillinn er útgefinn af Bjarka Skjaldarsyni, Tálknafirði, sem einnig hefir framselt víxilinn. Víxilfjárhæðin var ekki greidd á gjalddaga, en upp í andvirði hennar hafa verið greiddar kr. 14.712.00, svo að ógreiddar eftirstöðvar eru nú kr. 28.288.00. Útgefandinn Bjarki Skjaldarson hefir verið krafinn um greiðslu þessar fjárhæðar ásamt vöxtum og kostnaði frá falldegi víxilsins. Hann hefir aftur í samtali við forstöðumann bankans neitað að hafa nokkurn tímann skrifað á greindan víxil og hljóti því nafn sitt bæði sem útgefandi og framseljandi greinds víxils að vera falsað. Með vísun til þessa hefir hann neitað að greiða fjárhæðina eða bera nokkra ábyrgð á greiðslu hennar. Þess er því hér með beiðst, að þér takið mál þetta til rannsóknar nú hið allra fyrsta, svo að úr því fáið skorið, hvort ummæli útgefandans séu rétt, og að málið verði síðan afgreitt á videigandi hátt. Eftirstöðvar víxilsins kr. 28.288.00 ásamt 2% vöxtum á mánuði frá gjalddaga víxilsins og kostnaði óskast innheimt og skil fyrir greiðslunni gerð hingað.

Virðingarfyllst.

Samvinnubanki Íslands,

útibú Patreksfirði.

Svavar Jóhannsson.

Sigurgeir Magnússon.“

Kæra þessi var tekin fyrir í sakadómi Barðastrandarsýslu 19. nóvember 1976, og var hún þá lögð þar fram. Þá mætti í dóminum Bjarki Þór Skjaldarson ýtustjóri, til heimilis að Túngötu 19, Tálknafirði, fæddur 31. janúar 1953 á Dalvík. Var honum í dóminum kynnt fyrrgreind kæra Samvinnubanka Íslands h/f. Fyrir dóminum kannaðist þetta vitni ekki við að hafa ritað nafn sitt á umræddan víxil og neitaði að greiða andvirði hans á þeirri forsendu, að nafn hans hafi verið falsað á víxilinn. Vitnið skoðaði víxilinn, sem lá frammi í dóminum í frumriti og er í samræmi við lýsingu í kærubréfi Samvinnubankans, og ítrekaði vitnið, að það hefði ekki ritað nafn sitt á víxilinn, hvorki sem útgefandi né ábekingur aftan á víxilinn. Af þessu tilefni tók vitnið fram, að samþykkjandi víxilsins, Anton Antonsson, sem er

ákærður í máli þessu, sé hálfbróðir sinn og hafi hann haft samband við hann, eftir að bankinn fór að krefja vitnið um greiðslu víxilsins. Vitnið sagði að ákærði hefði sagt sér, að hann hefði útfyllt víxilinn í viðurvist Sigurðar Viggóssonar, starfsmanns Samvinnubankans, og talið, að honum hafi verið kunnugt um, að hann hafi ritað nafn vitnisins á víxilinn. Þá ritaði vitnið nafn sitt þrisvar sinnum á sérstakt blað, sem lagt var fram í sakadóm-inum. Vitnið taldi, að ákærði væri á þessum tíma í vinnu norður við Kröflu. Hann hafi farið frá Tálkafirði snemma vorið áður eftir að hafa verið þar í nokkra mánuði.

Mál þetta var síðan sent til ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 14. nóvember 1980. Ríkissaksóknari framsendi málið til rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dagsettu 26. nóvember 1980. Til rannsóknarlögreglu ríkisins virðist málið síðan hafa borist 27. nóvember 1980. Ákærði var síðan yfir-heyrdur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 11. febrúar 1981. Í þessari skýrslu skýrði ákærði svo frá, að hann hefði haft viðskipti við Samvinnubanka Íslands h/f, útibúið á Patreksfirði, árið 1976. Ákærði kvaðst þá hafa verið í vinnu við byggingu fyrir hálfbróður sinn, Bjarka Skjaldarson, og hafi það verið á Tálknafirði. Ákærði kvaðst hafa opnað ávísanareikning hjá Samvinnubankanum á Patreksfirði, en engin önnur viðskipti hafi hann haft við bankann. Ákærði sagði, að hann hefði farið fram yfir á ávísanareikningi þessum og honum hafi því verið lokað, en Bjarki Skjaldarson hafi síðan greitt skuld ákærða við bankann. Þá var ákærða sýndur víxill Samvinnubanka Íslands h/f á Patreksfirði, sem greinir í kærubréfinu frá 23. ágúst 1976. Kvaðst ákærði þar þekkja rithönd sína sem samþykkjanda á víxlinum og muna eftir því, að hann hafi samþykkt víxil þennan og hafi víxill þessi verið greiðsla til Bjarka Skjaldarsonar upp í Cortinu bifreið, er ákærði hafi keypt af honum. Síðar, þegar ákærði hafi farið að vinna fyrir Bjarka, hafi samist svo milli þeirra, að Bjarki greiddi víxil þennan ásamt þrem öðrum víxlum, er ákærði hafði samþykkt við bílakaupin. Ákærði segir, að sig minni, að frá þessum víxli hafi verið gengið í útibúi Samvinnubankans á Patreksfirði og hafi hann þar ritað nafn sitt sem samþykkjandi og Bjarki Skjaldarson nafn sitt sem útgefandi. Ákærði kvaðst enga tilkynningu hafa fengið út af víxli þessum eða öðrum, sem hann hafi samþykkt vegna bifreiðarkaupanna, og því talið víst, að Bjarki hafi staðið við að greiða þá. Ákærði kveðst engan víxil hafa greitt í útibúi Samvinnubankans á Patreksfirði og ekki heldur neina innborgun á víxil þar. Þá var ákærða kynntur framburður Bjarka Skjaldarsonar í sakadómi Barðastrandarsýslu föstudaginn 19. nóvember 1976. Ákærði kvaðst undrandi á þessum framburði Bjarka og kvaðst vel muna eftir því, þegar Bjarki hafi skrifað á víxilinn sem útgefandi, og einnig kvaðst ákærði þekkja rithönd bróður síns á nafni hans sem útgefanda og framseljanda á víxlinum. Ákærði kvaðst

fús að gefa hjá rannsóknarlögreglu ríkisins rithandarsýni, en ítrekaði það jafnframt, að Bjarki hefði skrifað nafn sitt á umræddan víxil og þar sé því ekki um neina föslun að ræða. Ákærða var kynnt krafa útibús Samvinnubanka Íslands h/f vegna eftirstöðva og vaxta og kostnaðar af umræddum víxli. Hann kvaðst fallast á kröfu þessa sem réttmæta, en ekki hafa peninga til greiðslu hennar og hann vissi ekki, hvenær af greiðslu gæti orðið.

Rannsóknarlögregla ríkisins sendi fyrrgreind rithandarsýnishorn til Maríu Bergmann rithandarsérfræðings, og er álitserð hennar dagsett 4. mars 1981 og er svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins hef ég rannsakað eftirtalin skriftarsýni:

Vafaritur:

Þar sem orðin Bjarki Skjaldarson Tálknafirði eru rituð sem nafn útgefanda víxils frá Samvinnubanka Íslands h.f., útibúinu Patreksfirði, útg. 20. febr. 1976 (frumrit). Merkt af mér sem sýni X.

Sannaðar ritanir:

1. Þar sem orðin Anton Ófeigur Antonsson og Bjarki Skjaldarson eru rituð (frumrit dags.11.02.1981). Merkt af mér sem sýni A.

2. Þar sem orðin Bjarki Skjaldarson eru rituð (frumrit dags. 19.11.1976). Merk af mér sem sýni B.

Að lokinni rannsókn á ofan nefndum sínum, er álit mitt svohljóðandi:

Ritun orðanna Bjarki Skjaldarson Tálknafirði sem nafn útgefanda á sýni X og ritunin á sýni A sýna rithönd sömu persónu.

Einkenni viðkomandi rithandar eru m. a.:

1. Ritun leggjarins í stafnum B, þar sem penninn myndar grunnan sviga í neðri hluta og síðan örlítinn krók til hægri neðst.

2. Ritun stafsins j og tenging hans við stafina á undan.

3. Stafurinn a er opinn í efri hluta og með einstaklingseinkennandi krók í byrjun.

4. Ritun stafsins k og tenging hans við eftirkomandi i.

5. Stafurinn d er með opinn krók í byrjun ritunar. Hann hefur sérstaka viðstöðu pennans neðst í þeim krók, áður en penninn er dreginn upp á við til hægri.

6. Stafurinn s (í son) er ritaður sem fleygur.

7. Ritun stafsins n sýnir sömu stafagerð á báðum ofan nefndum sýnum (X og A).

8. Í orðinu Bjarki er j-ið og r-ið ótengd eftirkomandi stöfum.“

Miðvikudaginn 18. mars 1981 var ákærði tekinn aftur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna málsins, og lá þá frammi fyrrgreind álitserð Mariu Bergmann, dagsett 4. mars 1981. Í þessari skýrslu skýrði ákærði nú svo frá, að hann vildi viðurkenna, að það væri hans rithönd, sem væri á nafninu Bjarki Skjaldarson sem útgefandi og framseljandi á fyrrgreindum víxli. Hvenær eða hvar ákærði hafi ritað nafn Bjarka Skjaldarsonar á umræddan víxil, kvaðst hann ekki muna. Víxill þessi hljóti að vera til kominn vegna viðskipta ákærða og Bjarka Skjaldarsonar á árinu 1976. Ákærði kvaðst vilja geta þess, að Bjarki Skjaldarson hafi verið mikið að heiman á árinu 1976 og því sé hugsanlegt, að Bjarki hafi heimilað ákærða að skrifa nafn sitt sem útgefandi á víxlinn, en ekki kveðst ákærði muna til þess að hafa fengið hjá Bjarka skriflegt umboð til nafnritunarinnar. Ákærði kvaðst heldur ekki muna til þess, að Bjarki hafi heimilað honum með munnlegu samkomulagi að rita nafn hans sem útgefanda á víxil. Ákærði ítrekaði, að hann gæti ekkert sagt frekar um ritun sína á fyrrgreindan víxil. Ákærði vildi þó benda á, að hann hafi hlotið að hafa heimild til nafnritunar nafns Bjarka Skjaldarsonar á víxlinn, því annars hefði hann ekki þorað að fara með víxlinn í útibú Samvinnubankans á Patreksfirði, þar sem Bjarki Skjaldarson hafi haft sín viðskipti og starfsfólk bankans þekkt rithönd hans. Einnig vildi ákærði benda á, að greitt hafi verið inn á víxil þennan, en það hafi hann ekki gert. Einnig kvaðst ákærði vilja benda á, að hann hefði dvalið á Tálknafirði þar til í maí 1977 og verið með viðskipti í útibúi Samvinnubankans á Patreksfirði til þess tíma, en aldrei verið krafinn um greiðslu á víxli þessum. Ekki hafi Bjarki Skjaldarson heldur getið þess við ákærða, að hann hafi í nóvember 1976 mætt á dómþing sakadóms Barðastrandarsýslu vegna falsaðs víxils, sem ákærði væri samþykkjandi á.

Niðurstaða.

Frá því að brot það, sem greinir í þessum ákærulið, var framið og þar til ákærði kom í fyrsta skipti fyrir sakadóm, liðu rúmlega 7 ár. Refsing fyrir brot það, sem hér um ræðir, eitt úr af fyrir sig færi ekki fram úr 8 mánaða fangelsi. Með hliðsjón af 2. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 var sök þessi því fyrnd, þegar saksókn gegn ákærða hófst, og hefur rannsókn sakadóms Barðastrandarsýslu frá 19. nóvember 1976 engin áhrif á þá niðurstöðu, sbr. 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með þessum rökum verður ákærði sýknaður af þessum ákærulið. Ákærði hefur samþykkt sakaðabótakröfu frá Samvinnubanka Íslands, útibúinu á Patreksfirði, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt vöxtum, eins og krafist var. Verða vextir miðaðir við hæstu innlánsvexti banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 23. ágúst 1976.

*Liður II í ákæruskjali.*

Eins og í þessum lið ákæruskjalsins greinir, gaf ákærði í janúar 1981 út 6 tékka á reikning sinn nr. 580 í sparisjóðnum Pundinu, Hátúni 4 A, Reykjavík, án þess að innstæða væri fyrir hendi á reikningnum, og þannig sveik ákærði út fé. Tékkar þessir voru allir gefnir út til handhafa. Verður nú greint frá hverjum einstökum tékka:

Rannsóknarlögreglu ríkisins barst kæra vegna tékka nr. 76906 á fyrrgreindan reikning hinn 23. febrúar 1981. Kæra þessi er svohljóðandi:

„Hér með kæri ég fyrir hönd Sambands íslenskra samvinnufélaga, Reykjavík, Anton Antonsson, Vesturhólum 13, Reykjavík, fyrir tékkamisferli vegna útgáfu meðfylgjandi ávísunar að fjárhæð kr. 550.00, en ávísun þessa notaði kærði til þess að greiða versluninni Herraríki, sem rekin er af Sambandinu. Ávísunin er gefin út 16. janúar s.l. á ávísanareikning nr. 580 í Sparisjóðnum Pundið, sem reyndist innistæðulaus, og var reikningi þessum lokað 20. janúar s.l. Þess er krafist, að kærði verði dæmdur til refsingar og til þess að greiða umbjóðanda mínu tékkafjárhæðina auk dráttarvaxta frá 16. janúar 1981 til greiðsludags.“ Undir þetta kærubrэф ritar Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Miðvikudaginn 18. mars 1981 gaf ákærði skýrslu vegna þessa tékka hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Var honum þá sýndur tékki nr. 0076906 frá Sparisjóðnum Pundinu, útgefinn 16. janúar 1981, að fjárhæð kr. 550.00. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum. Tékkka þennan hefði hann notað til fatakaupa í versluninni Herraríki og verslað fyrir fjárhæðina að fullu. Ákærði kvaðst ekki vitað annað en að innstæða væri á ávísanareikningi hans nr. 580 í Pundinu fyrir tékka þessum. Ákærði kvaðst hafa opnað ávísanareikning í Sparsjóðnum Pundinu í fyrri hluta janúar 1981 og þá lagt inn á reikninginn kr. 1.500.00 og síðan lagt inn á reikninginn kr. 1.000.00 upp úr miðjum mánuðinum. Einnig kvaðst ákærði hafa átt von á greiðslu að fjárhæð kr. 3.000.00, sem átt hefðu að fara inn á reikning hans. Ákærði kvaðst samþykkja framkomna bótakröfu vegna notkunar hans á umræddum tékka. Samkvæmt því verður ákærði dæmdur til að greiða Sambandi íslenskra samvinnufélaga kr. 550.00 ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 16. janúar 1981.

Kæra vegna tékka nr. 76907 barst rannsóknarlögreglu ríkisins 6. apríl 1981, með því að Ingimar Einarsson, til heimilis að Bugðulæk 13, Reykjavík, mætti þar og gaf skýrslu um tékkann og afhenti frumrit hans. Í þessari skýrslu skýrði þetta vitni svo frá:

„Ég legg hér fram tékka á Sparisjóðinn Pundið að upphæð kr. 500.00, útgefinn 16. janúar 1981 á ávísanareikning nr. 580, stílaðan á handhafa.“ Tékkayðublaðið er nr. 76907, og er útgefandi ákærði. Tékkka þennan

kvaðst vitnið hafa tekið sem greiðslu fyrir akstur, en hann kvaðst aka leigubifreiðinni R 2640 á BSR í Reykjavík. Vitnið kvaðst örugglega hafa gefið talsverða fjárhæð til baka af andvirði tékkans. Þegar tékkanum hafi verið framvísað til greiðslubanka, hafi komið í ljós, að ekki reyndist innstæða fyrir upphæðinni og reikningnum hafi síðan verið lokað þann 20. janúar 1981. Vitnið kvaðst hafa notað tékkann til greiðslu í Gjaldheimtunni í Reykjavík, og þegar upp komst, að ekki var til fyrir honum, þá hafi málið verið sent í lögmann, sem hafi innheimt tékkann hjá vitninu. Vitnið kvaðst þá hafa orðið að leysa tékkann út, en að vísu verið sleppt við kostnað. Vitnið kvaðst margoft hafa reynt að ná í ákærða, en það hafi vitninu ekki tekist.

Miðvikudaginn 6. maí 1981 var ákærði tekinn til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa tékka. Var honum sýndur tékki nr. 76907 frá Sparisjóðnum Pundinu, að fjárhæð kr. 500.00 og með nafni ákærða sem útgefanda. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum og hafi hann útfyllt hann að öllu leyti. Ákærði kvaðst ekkert muna eftir útgáfu tékka þessa eða til hvaða greiðslu hann hafi notað hann. Ákærði kvaðst ekki kannast við neinn Ingimar Einarsson, en það nafn er ritað á framsal tékkans. Ekki mundi ákærði heldur eftir að hafa notað umræddan tékka sem greiðslu fyrir akstur leigubifreiðar, en kærandi hefur haldið því fram, að hann hafi fengið tékkann fyrir leiguakstur. Ákærði kvaðst ekki hafa kynnt sér stöðuna á ávísanareikningi sínum nr. 580 í sparisjóðnum Pundinu, áður en þessi tékki var gefinn út, en ákærði kvaðst hafa talið, að hann ætti þar inni fyrir tékkanum. Þá var ákærða kynnt krafa kærandans um endurgreiðslu á andvirði tékkans ásamt dráttarvöxtum frá útgáfudegi til greiðsludags. Ákærði taldi kröfu þessa réttmæta og að hann væri fús til að greiða hana. Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða Ingimar Einarssyni kr. 500.00 ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 16. janúar 1981.

Kæra vegna tékka nr. 76908 á fyrrgreindan reikning barst rannsóknarlögreglu ríkisins 19. maí 1981 með þeim hætti, að Hrafn Jónsson, til heimilis að Brautaholti 22, Reykjavík, ritaði kærubréf, svohljóðandi:

„Hjálagt sendist ávísun nr. 76908 á Sparisjóðinn Pundið, að fjárhæð kr. 356.00, útgefin 16. janúar 1981 á reikning nr. 580, af Antoni Antonsyni, Vesturhólum 13, Reykjavík. Ávísun þessi, sem reynst hefur innistæðulaus, var annað hvort seld í verslun minni að Brautarholti 22, Reykjavík, eða gistiheimilinu Brautarholti 22, Reykjavík. Geri ég þá kröfu, að útgefanda ávísunarinnar verði refsað lögum samkvæmt og að honum verði gert að greiða mér tékkafjárhæðina kr. 356.00 auk áfallins bankakostnaðar kr. 43.40, eða samtals kr. 399.40 auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta frá útgáfudegi ávísunarinnar til greiðsludags.“

Fimmtudaginn 24. september 1981 gaf ákærði skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa tékka. Var honum þá sýndur tékki nr. 76908 frá Sparisjóðnum Pundinu, að fjárhæð kr. 356.00, útgefinn 16. janúar 1981 af ákærða. Ákærði kvaðst kannast við rithönd sína á tékka þessum og kvaðst hafa útfyllt hann að öllu leyti. Tékka þennan hefði hann notað til greiðslu á dvalarkostnaði í Gistiheimilinu í Brautarholti 22 í Reykjavík. Ákærði kvaðst ekki geta sagt til um, hvort hann hafi gert sér grein fyrir því, þegar hann skrifaði og gaf út umræddan tékka, að hann væri innstæðulaus. Á þessum tíma hafi hann verið mjög ruglaður vegna áfengis- og lyfjanotkunar. Ákærða var kynnt bótakrafa Hrafns Jónssonar, Brautarholti 22, Reykjavík, dagsett 5. maí 1981, um greiðslu tékkafjárhæðarinnar auk bankakostnaðar og dráttarvaxta. Ákærði samþykkt bótakröfu þessa. Verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 16. janúar 1981.

Kæra vegna tékka nr. 76921 á fyrrgreindan reikning barst rannsóknarlögreglu ríkisins 13. mars 1981 með bréfi Oliúverslunar Íslands h/f. Í þessu bréfi segir:

„Vér leyfum oss, herra rannsóknarlögreglustjóri, að senda yður meðfylgjandi ávísun nr. 0076921 við Sparisjóðinn Pundið á reikning nr. 580, að upphæð kr. 350.00, útgefna af Anton Antonsson, Vesturhólum 13, Reykjavík, stílaða á handhafa og framselda af oss. Afgreiðslumaður vor tók á móti ávísun þessari sem staðgreiðslu, en innstæða var ekki fyrir hendi á viðkomandi reikningi. Vér leyfum oss að gera þær kröfur, að útgefanda verði refsað lögum samkvæmt og gert að greiða skaðabætur kr. 350.00 með hæstu leyfilegum dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá útgáfudegi 19. janúar 1981 til greiðsludags auk innheimtulauna kr. 26.50, sem greidd voru til viðkomandi banka.“

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins miðvikudaginn 18. mars 1981 vegna þessa tékka. Var honum þá sýndur tekki nr. 0076921 frá Sparisjóðnum Pundinu, útgefinn 19. janúar 1981, að fjárhæð kr. 350.00. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum. Tékkann hefði hann notað til bensínkaupa á bensínafgreiðslustöð. Ákærði kvaðst hafa verslað fyrir alla fjárhæð tékkans, en ekkert hafa fengið þar til baka. Hann kvaðst ekki hafa vitað annað en að næg innstæða væri fyrir inni á reikningi hans fyrir tékka þessum. Ákærði samþykkti framkomna bótakröfu vegna notkunar tékkans. Verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19. janúar 1981.

Kæra vegna tékka nr. 0076922 á fyrrgreindan reikning barst rannsóknarlögreglu ríkisins 19. mars 1981 með bréfi Oliufélagsins Skeljungs h/f, sem var dagsett 17. mars 1981. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Vér sendum yður hér með innistæðulausa ávísun nr. 0076922 að fjárhæð kr. 300.00 að viðbættum bankakostnaði, útgefna af Antoni Antonsyni, Vesturhólum 13, 109 Reykjavík, til greiðslu hjá Sparisjóðnum Pundið, úr ávísanareikningi nr. 580. Útgefandann leyfum vér oss hér með að kæra fyrir meint hegningarlagabrot, og eru kröfur vorar í málinu þessar: 1. Útgefandinn verði dæmdur til refsingar að lögum. 2. Útgefandinn verði dæmdur til að greiða oss fjárhæð ávísunarinnar að viðbættum dráttarvöxtum, eins og þeir hafa verið ákveðnir af Seðlabanka Íslands samkv. auglýsingum í Lögbirtingablaðinu þar um, fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá sýningardegi ávísunarinnar í banka til væntanlegs greiðsludags. Jafnframt eru það tilmæli vor, að oss verði á sínum tíma tilkynnt um, hver endalok þessa máls fyrir dómstólum verða.“

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins miðvikudaginn 6. maí 1981 vegna þessa tékka. Var honum þá sýndur tékki nr. 0076922 frá Sparisjóðnum Pundinu, að fjárhæð kr. 300.00, með nafni ákærða sem útgefanda. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum og að hann hafi útfyllt tékkann að öllu leyti. Tékka þenna hafi hann notað til bensínkaupa á bensínafgreiðslu Shell. Ákærði taldi, að hann hefði verslað fyrir alla fjárhæðina, en ekkert fengið til baka. Ákærði kvaðst ekki hafa kynnt sér stöðuna á ávísanareikningi sínum nr. 580 í Sparisjóðnum Pundinu fyrir útgáfu tékkans, en taldi, að innstæða hefði verið fyrir hendi á reikningnum fyrir tékkanum. Ákærða var kynnt bótakrafa Olíufélagsins Skeljungs h/f, dagsett 17. mars 1981, og samþykkti hann hana. Verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19. janúar 1981.

Kæra vegna tékka nr. 0076924 á fyrrgreindan reikning barst rannsóknarlögreglu ríkisins 10. júlí 1981 með bréfi Olíufélagsins h/f, svohljóðandi:

„Hjálagt sendum vér ávísun nr. 0076924 á Sparisjóðinn Pundið, Reykjavík, að upphæð kr. 700.00, útgefandi Anton Antonsson. Við framvísun í greiðslubanka reyndist ávísun þessi innistæðulaus. Hér með förum vér fram á, að útgefandi ávísunarinnar, sem hefur áður komið við sögu vegna misnotkunar á ávísunum, verði dæmdur til að endurgreiða oss andvirði hennar ásamt vöxtum og kostnaði að skaðlausu jafnframt því að honum verði refsað fyrir athæfi sitt.“

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins fimmtudaginn 24. september 1981 vegna þessa tékka, og var honum þá sýndur tékki nr. 0076924 frá Sparisjóðnum Pundinu, að fjárhæð kr. 700.00, útgefinn 19. janúar 1981, og með nafni ákærða sem útgefanda. Ákærði kannaðist við rithönd sína á tékka þessum og kvaðst hafa útfyllt hann að öllu leyti. Ákærði kvaðst ekkert vita um notkun sína á tékka þessum og kannaðist ekki við nafn það, sem var á framsali tékkans. Ákærði ítrekaði, að hann

hafi verið illa fyrirkallaður á þessum tíma, þegar tékkinn hafi verið skrifaður, og ekki gert sér grein fyrir, hvort innstæða væri til fyrir þessum tékka. Ákærði kvaðst þó viðurkenna, að hann hafi gert sér ljóst við útgáfu sumra tékkanna úr tékkhefti því, sem hann fékk við Sparisjóðinn Pundið, að ekki væri til innstæða á reikningi hans fyrir tékkunum. Ákærða var birt krafa Rafns Skúlasonar fyrir hönd Oliufélagsins h/f, dagsett 7. júlí 1981, um, að hann endurgreiddi Oliufélaginu h/f andvirði tékkans ásamt vöxtum og kostnaði. Ákærði samþykkti bótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19. janúar 1981.

Af gögnum málsins varðandi þennan ákærulið verður ráðið, að ákærði hafi vitað, að ekki var innstæða fyrir þeim tékkum, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins. Þá liggur það ljóst fyrir, að ákærði hefur í engu tilvikanna sagt tékkaviðtakanda frá því, að ekki væri innstæða fyrir hendi, og ekkert er fram komið í málinu um, að ákærði hafi samið við neinn tékkaviðtakanda um að geyma tékka fyrir sig. Eins og mál þetta liggur fyrir, er fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákæruskjals, og varðar háttsemi þessi ákærða refsingu samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### *Liður III í ákæruskjali.*

Mánudaginn 13. apríl 1981 gaf Erna Þorleifsdóttir, til heimilis að Miðvangi 37, Hafnarfirði, skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og bar fram kæru á hendur ákærða fyrir þjófnað á tékkaeyðublöðum. Nánar skýrði hún svo frá, að hún hefði ásamt dóttur sinni farið á dansleik í samkomuhúsinu Glæsibæ í Reykjavík laugardagskvöldið 28. mars 1981. Hún kvaðst hafa setið þar til borðs með fleira fólki, sem hún hafi ekki þekkt. Við borðið hafi meðal annars verið maður, sem kallaði sig Tona, og vildi hann fá lánaðan penna. Vitnið kvaðst hafa leitað í veski sínu að penna, en engan fundið. Rétt á eftir hafi vitnið farið að dansa og veskið hafi þá orðið eftir á borðinu og Toni þessi hafi setið við borðið á meðan og einhverjir fleiri, sem vitnið ekki þekkti. Næst hafi það gerst, að haft hafi verið við hana símasamband frá útibúi Landsbanka Íslands í Grindavík, en þar hafði vitnið ávisanareikning nr. 28. Reyndust þar vera komnar tvær ávisanir úr tékkhefti vitnisins og hafi það verið tvö síðustu eyðublöðin úr ávisanaheftinu. Vitnið kvaðst þá hafa farið að athuga tékkhefti sitt og hafi þá komið í ljós, að tvö síðustu blöðin vantaði. Vitnið kvaðst ekki geta full-yrst um, hvar eða hvenær blöðin hafi horfið úr heftinu, en taldi mestar líkur á, að það hefði gerst í Glæsibæ í umrætt sinn. Vitnið tók það fram, að nafn hennar væri ritað á tékkana sem útgefanda, en reikningsnúmerið

væri rangt. Þó tók vitnið fram, að það hefði tékkareikning með þessu númeri í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

Miðvikudaginn 6. maí 1981 mætti Ísak Örn Sigurðsson fyrir hönd Hótel Borgar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og lagði fram kæru á hendur ákærða vegna falsaðs tékka nr. 236425 á Landsbanka Íslands, að upphæð kr. 500.00. Þetta vitni sagði, að þessi tékki nr. 236425 á Landsbanka Íslands, útibúið í Grindavík, að upphæð kr. 500.00, hefði verið seldur á Hótel Borg, og sagði vitnið, að þetta hefði verið greiðsla fyrir einhverjar veitingar, sem þar hafi verið keyptar. Vitnið sagði, að þegar tékkinn hafi verið sendur í innlausnarbanka, hafi komið í ljós, að hann var falsaður og úr stolnu ávísanahefti og ekki hafi tekist að fá hann greiddan. Vitnið kvaðst gera þá kröfu fyrir hönd Hótel Borgar, að myndist sá eða þeir, sem þarna voru að verki, yrði þeim gert að greiða tékka þennan að fullu.

Kæra vegna tékka nr. 236424 á Landsbanka Íslands, útibúið í Grindavík, barst rannsóknarlögreglu ríkisins 10. apríl 1981 með bréfi Olíufélagsins h/f. Í bréfi þessu segir:

„Hjálagt sendum vér ávísun nr. 236424 á Landsbanka Íslands, útibúið í Grindavík, að upphæð kr. 500.00. Við framvísun í greiðslubanka reyndist ávísun þessi fölsuð. Hér förum vér fram á, að útgefandi ávísunarinnar verði dæmdur til að endurgreiða oss andvirði hennar ásamt vöxtum og kostnaði að skaðlausu jafnframt því að honum verði refsað fyrir athæfi sitt. Ábekingur Anton Antonsson hefur nýlega greitt fyrir viðskipti með innistæðulausri ávísun, sem vér höfum orðið að innleysa, svo sem meðfylgjandi bréf ber með sér.“

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna tékka þessara 6. maí 1981, og var honum þá sýndur tékki nr. 236424 frá útibúi Landsbanka Íslands í Grindavík, að fjárhæð kr. 500.00, útgefinn 28. mars 1981, og með nafni Ernu Þorleifsdóttur sem útgefanda. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum og hafi hann falsað tékka þennan. Hann kveðst ekki muna, með hverjum hætti hann hafi komist yfir umrætt tékkaeyðublað eða um útfyllingu þess og notkun. Ákærði kvaðst í síðari hluta marsmánaðar síðastliðnum hafa verið til meðferðar á göngudeild Landspítalans og verið á lyfjameðferð að læknisráði. Á þessum tíma hafi hann farið nokkrum sinnum á skemmtistaðinn í Glæsibæ og þar neytt áfengis. Þar hljóti hann að hafa tekið tékkaeyðublað þetta og falsað án þess að muna eftir því. Ákærði gat þess, að honum væri gjarnt að verða „black-out“, ef hann neytti lyfja og áfengis, og taldi hann víst, að ástand hans hefði verið þannig, þegar hann hafi framið umrætt afbrot. Ákærði kvaðst enga skýringu geta gefið á bifreiðarnúmerinu R 66568 á bakhlið tékkans aðra en þá, að tékkinn hafi verið notaður til bensínkaupa á bifreið þessa án þess þó að muna eftir, að svo væri. Ákærða var kynnt krafa Olíufélagsins

h/f, dagsett 8. apríl 1981, um greiðslu andvirðis tékkans ásamt vöxtum og kostnaði. Ákærði samþykkti bótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 28. mars 1981.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna tékka nr. 236425 á fyrrgreindan reikning sama dag, og var honum þá sýndur tékki þessi frá útibúu Landsbanka Íslands í Grindavík, að fjárhæð kr. 500.00, útgefinn 29. mars 1981, með nafni Ernu Þorleifsdóttur sem útgefanda. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum og hafi hann falsað tékkann. Ekki mundi ákærði, með hverjum hætti hann hafði komist yfir umrætt tékkaeyðublað eða um útfyllingu þess og notkun. Ákærði kvaðst síðari hluta marsmánaðar síðastliðins hafa verið í lyfjameðferð á göngudeild Landspítalans, en einnig hefði hann neytt mikils áfengis og muni hann því lítið eftir gerðum sínum og oft verið í „black-out“. Hann minnstist þess að hafa nokkrum sinnum farið á Hótel Borg á þessum tíma til áfengisdrýkkju og þar muni hann hafa notað tékkann til áfengiskaupa, eins og bakhlið tékkans beri með sér. Ástæðan fyrir því, að hann hafi skráð heimili sitt að Vesturhólum 13 í Reykjavík á tékkann, muni vera sú, að á nafn-skríteini hans sé þetta heimilisfang, en þaðan sé hann fluttur fyrir löngu. Ákærða var kynnt kræfa kæranda í máli þessu, og samþykkti hann hana og verður dæmdur til að greiða hana.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, og með vísan til játningar ákærða er talið fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### *Liður IV í ákæruskjali.*

Í maí 1981 gaf ákærði út heimildarlaust alls níu tékka á eyðublöð frá Alþýðubankanum, Laugavegi 31, Reykjavík, á tilbúna reikninga og notaði tékkana í viðskiptum þar, og þannig sveik hann út fé. Tékkarnir eru allir gefnir út til handhafa, og er á þeim reikningsnúmerið 580, nema annars sé getið. Tékkhefti það, sem umræddir tékkar eru úr, er frá Ara Baldursyni, til heimilis á Grýtubakka 1 á Grenivík, en tékkhefti þessu náði ákærði að stela af Ara á heimili hans að Laugavegi 147 A í Reykjavík hinn 17. maí 1981. Verður nú greint frá hverjum einstökum tékka:

Tékka nr. 960040, kr. 150.00, útgefinn 17. maí 1981, gaf ákærði út, eins og fyrr greinir, og greiddi fyrir vörur í tóbaksversluninni Florida, Hverfisgötu 74 í Reykjavík. Á tékkann ritaði ákærði reikningsnúmerið 585 við Alþýðubankann í Reykjavík. Eigendur verlungarinnar Florida s/f, Kjartan Kjartansson og Rósborg Guðjónsdóttir, til heimilis að Njarðargötu 47,

Reykjavík, kváðust hafa fengið tékka þennan sem greiðslu í verslun sinni, en óskuðu ekki eftir að leggja fram kæru eða skaðabótakröfu vegna tékkans.

Tékka nr. 960041, kr. 200.00, útgefinn 17. maí 1981, notaði ákærði til greiðslu á veitingum á Hótel Borg. Hótel Borg h/f gerði skaðabótakröfu á hendur ákærða að fjárhæð kr. 200.00. Ákærði hefur samþykkt bótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana.

Tékka nr. 960042, kr. 200.00, útgefinn 18. maí 1981, notaði ákærði til að greiða fyrir vörur í söluturni við Hagamel 67 í Reykjavík. Birgir Hermannsson, til heimilis að Granaskjóli 26, Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hann reki söluturninn Hagamel 67 í Reykjavík og að í síðustu viku maímánaðar hafi komið þangað maður og verslað og greitt með ávísun að fjárhæð kr. 200.00. Ávísunin hafi verið frá Alþýðubankanum, nr. 960042, útgefin á ávísanareikning 580 18. maí 1981 af Antoni Antonssyni, nnr. 0396-3519, til handhafa. Kvaðst þetta vitni hafa fengið ávísunina endursenda með þeim upplýsingum, að hún væri fölsuð. Þá sagði vitnið, að engar upplýsingar væru fyrir hendi hjá afgreiðslustúlkunni, sem afgreiddi manninn, um lýsingu á honum né fyrir hve háa upphæð hann verslaði. Þá gerði Birgir Hermannsson þá kröfu á hendur ákærða, að honum yrði gert að greiða andvirði ávísunarinnar. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana.

Tékka nr. 960043, kr. 270.00, útgefinn 19. maí 1981, notaði ákærði til að greiða fyrir vörur í versluninni Facó, Laugavegi 37, Reykjavík. Eysteinn Fjölfnir Arason, til heimilis að Álfrólsvegi 58, Kópavogi, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 1. júlí 1981. Hann skýrði svo frá:

„Ég legg hér fram tékka að upphæð kr. 270.00, útgefinn þann 19. maí s.l. af Antoni Antonssyni. Tékkinn er stílaður á handhafa og útgefinn á reikningsnúmer 580 í Alþýðubankanum á eyðublaði nr. 960043. Tékki þessi var afhentur sem greiðsla fyrir vörum í versluninni Facó. Þegar tékkinn var sýndur í greiðslubanka, kom í ljós, að hann var falsaður. Mun tékkheftinu hafa verið stolið og falsaðir tékkar úr því. Ég tók ekki sjálfur við tékkanum og veit ekki, hver starfsmanna í versluninni gerði það. Fer ég fram á, að þeim seka í þessu máli verði gert að sæta refsingu lögum samkvæmt jafnframt því að greiða andvirði tékkans ásamt áföllnum kostnaði og dráttarvöxtum frá útgáfudegi til væntanlegs greiðsludags.“

Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19. maí 1981.

Tékka nr. 960044, kr. 100.00, útgefinn 19. maí 1981, notaði ákærði til greiðslu í afgreiðslustöð Olíufélagsins h/f. Olíufélagið h/f ritaði bréf til

rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa tékka 15. júní 1981. Þetta bréf er svohljóðandi:

„Hjálagt sendum vér ávísun nr. 960044 á Alþýðubankann h.f., Lauga-vegi 31, Reykjavík, að upphæð kr. 100.00. Við framvísun í greiðslubanka reyndist ávísun þessi stolin. Hér með förum vér fram á, að útgefandi ávísunarinnar, sem hefur áður komið við sögu vegna misnotkunar á ávísunum, sbr. bréf dagsett 8. apríl, verði dæmdur til að endurgreiða oss andvirði hennar ásamt vöxtum og kostnaði að skaðlausu, jafnframt því að honum verði refsað fyrir athæfi sitt.“

Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19. maí 1981.

Tékka nr. 960045, kr. 60.00, útgefinn 19. maí 1981, notaði ákærði til greiðslu í smurbrauðsstofunni Birninum, Njálsgötu 49, Reykjavík. Ásgeir Guðbjartsson, til heimilis að Arnarhrauni 35, Hafnarfirði, sem rekur fyrrgreinda smurbrauðsstofuf, óskaði ekki eftir að leggja fram kæru vegna þessa tékka og ekki heldur að leggja fram skaðabótakröfu, en tékkinn hefði verið notaður til greislu veitinga í smurbrauðsstofunni.

Tékka nr. 960046, kr. 100.00, útgefinn 19. maí 1981, notaði ákærði til greiðslu á vörum í söluturni að Laufásvegi 2 í Reykjavík. Hansína G. Gísladóttir verslunarmaður, til heimilis að Vallarbraut 17, Seltjarnarnesi, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 1. júlí 1981 vegna þessa tékka. Kvað hún tékka þennan hafa verið tekinn sem greiðslu fyrir vörur í söluturninum Laufásvegi 2 í Reykjavík og það hefði verið 19. maí 1981. Sagði þetta vitni, að útgefandi tékkans hefði sýnt skilríki. Tékkinn hefði verið lagður inn á tékkareikning í Iðnaðarbankanum, en síðan endursendur sem falsaður. Þá krafðist vitnið þess, að ákærða yrði refsað fyrir háttsemina og honum yrði gert að greiða tékkafjárhæðina ásamt dráttarvöxtum frá sýningardegi til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19. maí 1981.

Tékka nr. 960047, kr. 100.00, útgefinn 21. maí 1981, á reikningsnúmerið 5801 í Alþýðubankanum í Reykjavík notaði ákærða til greiðslu á vörum í versluninni Vestrinu, Garðastræti 2, Reykjavík. Arnar Hjaltalín, til heimilis að Réttarholtsvegi 91 í Reykjavík, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna tékkans 1. júní 1981. Hann kvað umræddan tékka hafa verið keyptan í versluninni Vestrinu í Garðastræti 2, Reykjavík. Í ljós hafi komið, er hann var sendur í banka, að hann var falsaður. Hann gerði þær kröfur fyrir hönd verslunarinnar, að falsarinn yrði látinn endurgreiða tékkann, ef til hans næðist. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana.

Tékka nr. 960048, kr. 100.00, útgefinn 21. maí 1981, á reikningsnúmerið 1582 notaði ákærði til greiðslu á vörum í Ingólfs Apóteki, Hafnarstræti 5, Reykjavík. Ingólfs Apótek ritaði bréf til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna tékkans 27. maí 1981. Í þessu bréfi segir:

„Hjálagður er tékki nr. 960048 að fjárhæð kr. 100.00, sem innlestur var í Landsbanka Íslands, og var hann notaður til greiðslu á vörum. Tékkinn var síðan endursendur oss af Landsbankanum á þeirri forsendu, að hann væri stolinn og falsaður. Við gerum þá kröfu, að útgefanda og eða framseljanda verði gert að greiða fjárhæð þessa tékka til baka og að honum verði refsað sem lög mæla fyrir um.“

Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana.

Ákærði hefur játað að hafa ritað alla þá tékka, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins. Með vísan til þessarar játningar ákærða og þess, sem hér að framan er rakið, er fullsannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins. Með þessari háttsemi hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegngingarlaga nr. 19/1940.

#### *Liður V í ákæruskjali.*

Í júní 1981 gaf ákærði út átta tékka á eyðublöð frá Landsbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, á tilbúinn reikning nr. 2816 og notaði tékkana í viðskiptum á Akureyri og sveik þannig út fé. Tékkar þessir eru allir gefnir út til handhafa. Tékkhefti það, sem umræddar ávísanir eru úr, var í eigu Ólafs Hrafns Ólafssonar, til heimilis að Skarðshlíð 2 C Akureyri.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri vegna málsins laugardaginn 18. júlí 1981. Í þessari skýrslu skýrði ákærði svo frá, að það muni hafa verið föstudaginn 12. júlí 1981 sem hann hafi komið til Akureyrar frá Reykjavík. Þegar hann hafi komið til Akureyrar, þá hafi hann ekki bragðað áfengi í um það bil einn mánuð. Ákærði kvaðst síðan hafa dvalið nokkra daga heima hjá kunningja sínum, Ólafi H. Ólafssyni í Skarðshlíð 2 C á Akureyri. Ákærði segir, að Ólafur hafi verið drukinn, þegar ákærði kom til hans, og ákærði kvaðst hafa dvalið þarna hjá honum í nokkra sólarhringa án þess að neyta áfengis, en það hafi þó endað með því, að hann hafi byrjað að neyta áfengis með Ólafi. Eftir að ákærði hafi farið að drekka þarna með Ólafi, þá muni hafa liðið nokkrir sólarhringar, sem ákærði kvaðst ekkert muna eftir sér.

Ólafur Hrafn Ólafsson húsmiður, til heimilis að Skarðshlíð 2 C á Akureyri, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri vegna málsins 15. september 1981. Í þessari skýrslu skýrir hann svo frá, að hann hafi verið með ávísanareikning í Landsbankanum á Akureyri, nr. 15798, en þeim

reikningi hafi verið lokað sumarið 1980, en ekki mundi þetta vitni nákvæmlega, hvenær það var. Vitnið kvaðst þá hafa verið nýbúið að fá sér ávísanahefti og hefði ekkert notað það. Efir að reikningi þessum var lokað, hefði vitnið sett ávísanaheftið niður í skrifborðsskúffu heima hjá sér. Ekki kvaðst vitnið hafa vitað annað en að ávísanaheftið væri í skrifborðinu, fyrr en rannsóknarlögreglumaður á Akureyri hafi haft samband við vitnið og skýrt því frá, að ávísanir hefðu borist úr þessu hefti, útgefnar af ákærða. Vitnið kvaðst þá hafa farið að athuga um heftið og þá hafi komið í ljós, að það var horfið. Það hafi síðan, að því er vitnið minnti, verið í júní 1981 sem ákærði hafi dvalið heima hjá vitninu í um það bil hálfan mánuð. Allar hirslur vitnisins hafi verið ólæstar og þar á meðal fyrrgreint skrifborð, þannig að auðvelt hafi verið fyrir ákærða að ná þessu ávísanahefti, ef hann hefði haft áhuga á því. Vitnið kvaðst um þetta leyti hafa verið ólvaður af og til og það hafi ákærði einnig verið. Vitnið taldi hugsanlegt, að ákærði hefði gefið honum af því áfengi, sem ákærði hafi keypt fyrir andvirði þessara ávísana, sem ákærði seldi úr hefti vitnisins, en vitnið kvaðst hafa verið algerlega grunlaust um það, hvaðan ákærði hefði haft þessa peninga. Ekki gat vitnið veitt nákvæmar upplýsingar um það, hvernig ákærði komst yfir ávísanaheftið.

Mánudaginn 22. júní 1981 hafði starfsmaður í Landsbanka Íslands á Akureyri símasamband við lögregluna á Akureyri og skýrði frá því, að þangað væri komin fölsuð ávísun, sem væri undirrituð af ákærða, en hann hefði engan ávísanareikning í Landsbankanum. Rannsóknarlögreglumaður fór á staðinn og hafði tal af starfsmönnum í ávísanadeild bankans, og kom þá eftirfarandi fram: Ávísun, kr. 300.00, sem hér fylgir í ljósriti, er nr. 1224826 og hafði verið seld í einhverri verslun KEA. Ávísunin var úr ávísanahefti Ólafs H. Ólafssonar, til heimilis að Skarðshlíð 2 C, Akureyri, en Ólafur hafi haft ávísanareikning nr. 15798 við bankann, en þeim reikningi hafði verið lokað þann 30. júlí 1980. Rannsóknarlögreglumaðurinn hafði samband við fyrrgreindan Ólaf H. Ólafsson og fékk þær upplýsingar hjá honum, að þessu ávísanahefti hefði verið stolið frá honum. Jafnframt skýrði Ólafur frá því, að ákærði hefði dvalið hjá sér undanfarna daga.

Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri, hefur gert þá kröfu á hendur ákærða, að hann verði dæmdur til að greiða andvirði tékkans ásamt dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 2. júlí 1981.

Tékka nr. 1224827, kr. 200.00, útgefinn 18. júní 1981, notaði ákærði til að greiða vörur í Veganesti við Hörgárbraut á Akureyri. Halldór Valdimarsson, starfsmaður Bílaleigu Akureyrar, til heimilis að Borgarhlíð 9, Akureyri, gaf skýrslu vegna þessa tékka hjá rannsóknarlögreglunni mið-

vikudaginn 24. júní 1981. Sagði vitnið þetta, að fyrir þessa ávísun hefði ákærði keypt vörur í Veganesti við Hörgárbraut og fengið eitthvað greitt til baka. Vitnið sagði, að þessi ávísun hefði síðan verið endursend frá banka ásamt skilaboðum um, að hún væri fölsuð. Vitnið kvaðst gera þá kröfu fyrir hönd Bílaleigu Akureyrar, að hinn seki endurgreiddi til bílaleigunnar framangreinda upphæð, kr. 200.00, ásamt hæstu dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 21. júní 1981.

Tékka nr. 1224828, kr. 400.00, útgefinn 18. júní 1981, notaði ákærði til að greiða vörur í verslun JMJ við Gránufélagsgötu á Akureyri. Ragnar Sverrisson verslunarmaður, til heimilis að Áshlíð 11, Akureyri, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri vegna þessa tékka þriðjudaginn 23. júní 1981. Kvaðst vitnið hafa tekið við þessari ávísun sem greiðslu fyrir buxur, sem ákærði hefði keypt í verslun JMJ fimmtudaginn 18. júní 1981. Sagði vitnið, að buxurnar hefðu kostað 290.00 krónur og ákærði hefði fengið mismuninn greiddan til baka. Vitnið kvaðst síðan hafa fengið þessa ávísun endursenda úr banka þennan sama dag ásamt upplýsingum um, að hún væri fölsuð. Vitnið gerði þá kröfu fyrir hönd JMJ, að ákærði endurgreiddi JMJ andvirði ávísunarinnar ásamt hæstu dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 21. júní 1981.

Tékka nr. 1224829, kr. 100.00, útgefinn 20. júní 1981, notaði ákærði til að greiða fyrir vörur í Ferðanesti við Eyjafjarðarbraut. Valdimar Valdmarsson, framkvæmdastjóri Ferðanestis, til heimilis að Vallargerði 2 D, Akureyri, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri fimmtudaginn 2. júlí 1981 vegna þessa tékka. Sagði vitnið, að þessi ávísun hefði verið notuð sem greiðsla fyrir vörur í Ferðanesti, sennilega 20. júní 1981. Vitnið kvaðst síðan hafa fengið þessa ávísun endursenda úr banka með þeirri orðsendingu, að hún væri fölsuð. Vitnið kvaðst gera þá kröfu, að hinn seki endurgreiddi til Ferðanestis andvirði ávísunarinnar, kr. 100.00, ásamt hæstu dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 2. júlí 1981.

Tékka nr. 1224831, kr. 300.00, útgefinn 20. júní 1981, notaði ákærði til að greiða fyrir vörur í verslun Gunnars Skjöldal á Akureyri. Gunnar Skjöldal verslunarmaður, til heimilis að Eiðsvallagötu 5, Akureyri, gaf skýrslu vegna þessa tékka hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri þriðjudaginn 23. júní 1981. Sagði vitnið, að laugardaginn 20. júní 1981 hefði ákærði komið inn í verslunina til sín. Hann hefði keypt tóbak og öl og greitt síðan

með fyrrgreindri ávísun og hafi hann fengið mismuninn til baka. Vitnið sagði, að ákærði hefði skrifað tékkann í versluninni að vitninu ásjáandi. Vitnið kvaðst síðan hafa fengið þessa ávísun endursenda úr Landsbankanum ásamt upplýsingum um það, að ávísunin væri fölsuð, og gerði vitnið þá kröfu, að hinn seki endurgreiddi sér framangreinda upphæð, kr. 300.00, ásamt hæstu dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 21. júní 1981.

Tékka nr. 1224832, kr. 300.00, útgefinn 20. júní 1981, notaði ákærði til að greiða vörur í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri. Vitnið Karen Sædis Ágústsdóttir, til heimilis að Hrísalundi 6 A, Akureyri, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri 23. júní 1981 vegna tékkans. Vitnið skýrði frá því, að umrædd ávísun hefði komið inn á barinn hjá Páli Ellertsyni í Sjálfstæðishúsinu. Sjálfstæðishúsið hefði síðan séð um innheimtu ávísunarinnar. Hafi hún verið lögð inn í Landsbankann. Þar hafi komið í ljós, að ávísunin hafi verið fölsuð, og því hafi þurft að leysa hana út aftur. Vitnið kvaðst gera þá kröfu fyrir hönd Sjálfstæðishússins, að hinn seki greiddi andvirði ávísunarinnar ásamt hæstu leyfilegum dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 21. júní 1981.

Tékka nr. 1224833, kr. 200.00, útgefinn 21. júní 1981, notaði ákærði til að greiða vörur í verslun KEA, Höfðahlíð 9, Akureyri. Ísak Guðmann, aðalgjaldkeri hjá KEA, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri vegna þessa tékka mánudaginn 6. júlí 1981. Sagði þetta vitni, að ávísunin hefði verið notuð sem greiðsla fyrir vörur í útibúi KEA í Höfðahlíð 9 og sennilega hefði eitthvað af andvirði hennar verið endurgreitt. Vitnið sagði þessa ávísun hafa verið senda til baka úr banka ásamt upplýsingum um, að hún væri fölsuð. Gerði vitnið þá kröfu fyrir hönd KEA, að hinn seki endurgreiddi til KEA andvirði þessarar ávísunar, kr. 200.00. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 2. júlí 1981.

Tékka nr. 1224834, kr. 100.00, útgefinn 21. júní 1981, notaði ákærði til að greiða vörur í Nætursölunni við Geislagötu á Akureyri. Magnús Þórisson, eigandi Nætursölnnar við Geislagötu, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri vegna málsins 21. júlí 1981. Sagði þetta vitni, að greitt hefði verið með tékka þessum fyrir vörur í Nætursölunni, og áleit vitnið, að sá, sem greiddi, hafi fengið peninga borgaða til baka. Vitnið sagði, að tékkinn hefði verið lagður inn í Búnaðarbankann á Akureyri, en

síðan hefði borist þaðan tilkynning um, að hann væri falsaður, og vitnið þurfti að leysa tékkann til sín aftur. Vitnið kvaðst gera þá kröfu, ef til hins seka næðist, að honum yrði gert að endurgreiða andvirði tékkans ásamt hæstu leyfilegu dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabóta-kröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlámsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 21. júní 1981.

Ákærði hefur kannast við að hafa ritað allar þær ávísanir, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins. Með vísan til þessarar játningar ákærða, og þess, sem hér að framan er rakið, er sannað, að ákærði hefur gerst sekjur um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins. Með þessari háttsemi hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### *Ákvörðum refsingar.*

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður refsing ákærða ákveðin samkvæmt 71. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og hefur dómssáttin frá 21. maí 1980 ítrekunaráhrif í þessu sambandi. Verður refsing ákærða með hliðsjón af þessu ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Tekin hefur verið afstaða til skaðabótakrafna við hvern einstakan ákæru-lið, og verður ákærði dæmdur til að greiða skaðabætur í samræmi við það, sem þar segir.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dóm þennan kveður upp Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Anton Ófeigur Antonsson, sæti fangelsi 7 mánuði.

Ákærði greiði Hótel Borg h/f 500.00 krónur, Birgi Hermannssyni 200.00 krónur og Ingólfs Apóteki 100.00 krónur.

Ákærði greiði Samvinnubanka Íslands, útibúinu á Patreksfirði, 282.88 krónur ásamt 22% ársvöxtum frá 23. ágúst 1976 til 1. ágúst 1977, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlámsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Sambandi íslenskra samvinnufélaga 550.00 krónur,

Ingimar Einarssyni 500.00 krónur og Hrafni Jónssyni 399.40 krónur, allt ásamt 46% ársvöxtum frá 16. janúar 1981 til 1. mars s. á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Olíuverslun Íslands h/f 376.50 krónur, Olíufélaginu Skeljungu h/f 340.80 krónur og Olíufélaginu h/f 700.00 krónur, allt ásamt 46% ársvöxtum frá 19. janúar 1981 til 1. mars s. á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Olíufélaginu h/f 560.00 krónur ásamt 42% ársvöxtum frá 28. mars 1981 til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Hótel Borg h/f 200.00 krónur ásamt 42% ársvöxtum frá 17. maí 1981 til 1. júní s. á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Faco h/f 270.00 krónur, Olíufélaginu h/f 100.00 krónur og Hansínu G. Gísladóttur 100.00 krónur, allt ásamt 42% ársvöxtum frá 19. maí 1981 til 1. júní s. á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði versluninni Vestrinu 100.00 krónur ásamt 42% ársvöxtum frá 21. maí 1981 til 1. júní s. á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Kaupfélagi Eyfirðinga, Akureyri, 500.00 krónur, Ferðanesti 100.00 krónur, allt ásamt 39% ársvöxtum frá 2. júlí 1981 til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Sjálfstæðishúsinu 300.00 krónur, Bílaleigu Akureyrar 200.00 krónur, Jóni M. Jónssyni h/f 400.00 krónur, Gunnari Skjöldal 300.00 krónur og Magnúsi Þórissyni 100.00 krónur, allt ásamt 39% ársvöxtum frá 21. júní 1981 til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.